



**147. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ fimmtudaginn 22. maí 2008 kl. 16:15 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.**

**Mættir: Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Örn Andrés�on, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Oddný Árnadóttir 2. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.**

**Forföll boðuðu Ólafur Rafnsson forseti, Krístrún Heimisdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.**

**Þetta gerðist:**

**Varaforseti setti fund og stjórnaði honum í fjarveru forseta.**

### **1. Málefni akstursíþróttá**

Varaforseti skýrði samkomulag sem náðst hefur um stofnun akstursíþróttanefndar ÍSÍ. Samþykkt að skipa eftirtalda aðila í Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA:

Frá ÍSÍ: Lárus Blöndal, sem mun gegna embætti formanns

Frá LÍA: Ólafur Guðmundsson

Frá akstursíþróttafélögum: Davíð Ólafsson, Þórarinn Karlsson, Þórður Bragason, Gunnar Jörundsson, Páll Pálsson og til vara Björgvin Ólafsson.

Til hliðar við Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA mun starfa sérstök fjárhagsnefnd sem mun leitast við að greiða niður skuldir LÍA og koma eignum í verð. Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Bragi Bragason og Garðar Ólafsson frá LÍA skipa nefndina.

### **2. Ólympíuleikarnir í Peking – staða undirbúnings**

Örn Andrés�on skýrði frá almennum undirbúningi Ólympíuleikanna í Peking.

### **3. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ – staðfestingar**

Staðfest að eftirfarandi félög/deildir hljóti viðurkenningu sem

Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ:

Taekwondodeild UMFA, Fimleikadeild Ármanns, Sunddeild Selfoss,

Hestamannafélagið Máni

### **4. Starfsskýrslur**

Skrifstofustjóri skýrði frá stöðu mála varðandi starfsskýrsluskil. Samþykkt að þau félög og deildir sem ekki hafa skilað starfsskýrslu til ÍSÍ 15. júní nk. verði sett í keppnisbann frá og með 16. júní nk.

Skrifstofu falið að senda sambandsaðilum tilkynningu þar að lútandi.

## 5. heiðursveitingar

Staðfestar eftirfarandi heiðursveitingar sem veittar voru á 100 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Fram og 100 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Víkinga.

Heiðursorða ÍSÍ:	Þór Símon Ragnarsson, Víkingi Benedikt Geirsson, Fram Halldór B. Jónsson, Fram
Gullmerki ÍSÍ:	Sigurður Ingi Georgsson, Víkingi Ágúst Ingi Jónsson, Víkingi Gunnar Jónasson, Víkingi Axel Alfreðsson, Víkingi Magnús S. Jónsson, Víkingi Kristinn Jörundsson, Fram Guðmundur B. Ólafsson, Fram Eggert Steingrímsson, Fram
Silfurmerki ÍSÍ:	Ásgrímur Guðmundsson, Víkingi Haraldur Kr. Haraldsson, Víkingi Ragnheiður Karlsdóttir, Víkingi Eggert Jóhannsson, Víkingi Kristín Orradóttir, Fram Gunnar Andrésón, Fram

Einnig staðfest Gullmerki ÍSÍ til **Ásgerðar Halldórsdóttur** sem hætti í stjórn HSÍ á ársþingi sambandsins 17. maí sl. Ásgerður hefur starfað fyrir Gróttu, HSÍ og ekki síst gegnt ýmsum störfum innan ÍSÍ, m.a. setið í stjórn Afrekssviðs ÍSÍ um árabil. Gullmerkið var afhent á ársþingi HSÍ.

Samþykkt að heiðra **Jón Ragnar Gunnarsson** fráfarandi formann Taekwondosambands Íslands með Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi sambandsins þann 9. júní nk.

## 6. Skipan fulltrúa ÍSÍ í nefnd menntamálaráðuneytis um afreksíþróttabrautir í framhaldsskólum

Samþykkt að skipa Friðrik Einarsson og Bjarna Jóhannsson íþróttakennara sem fulltrúa ÍSÍ í ofangreinda nefnd.

## 7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

146. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ
6. fundar framkvæmdaráðs frá 17.4.2008
7. fundar framkvæmdaráðs frá 8.5.2008
8. fundar framkvæmdaráðs frá 22.5.2008
- Fræðsluviðs frá 18.4.2008
- Afrekssjóðs frá 14.5.2008

Samþykktar eftirfarandi styrkveitingar:

- HSÍ vegna A-landsliðs, kr. 2.000.000 vegna undirbúnings fyrir ÓL og umspils við Makedóníu vegna HM 2009.*
- FRÍ vegna Óðins Björns Þorsteinssonar kr. 200.000 eingreiðsla ef hann nær að vinna sér inn þátttökurétt á ÓL.*
- FRÍ vegna Bergs Inga Péturssonar kr. 200.000 eingreiðsla ef hann nær að vinna sér inn þátttökurétt á ÓL:*

- *SSÍ vegna Sigrúnar B. Sverrisdóttur kr. 200.000 eingreiðsla og vegna Erlu Daggar Haraldsdóttur kr. 200.000 eingreiðsla.*
  - *FRÍ, kr. 200.000 vegna undirbúnings fyrir ÓL*
  - *SSÍ, kr. 200.000 vegna undirbúnings fyrir ÓL*
  - *BTÍ, kr. 100.000 vegna þess kostnaðar sem það hefur hlotið vegna undirbúnings fyrir ÓL.*
- g. Laganefndar frá 20.5.2008  
 h. Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 20.5.2008  
 i. SÍÓ frá 10.4.2008, 17.4.2008 og 15.5.2008  
 j. 536.fundar Íslenskrar getspár  
 k. 21.aðalfundar Íslenskrar getspár

## **8. Þing og fundir**

Farið yfir þing og fundi sem framundan eru.

## **9. Önnur mál**

### **Fyrirmyndarfélög ÍSÍ - endurnýjanir**

Friðrik Einarsson kom með ábendingu um að sett yrði merking á viðurkenningaskjöl um Fyrirmyndarfélög þegar um endurnýjun væri að ræða.

### **Rannsóknarmiðstöð í Laugardal**

Örn Andrésen lagði fram minnisblað vegna málsins og rakti forsögu. Varaforseti lagði fram tillögu um að stofnað verði félag utan um þá vinnu sem þarf að vinna til að koma þessu verkefni áfram. Samþykkt. Varaforseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu og gera tillögu að framlagi ÍSÍ.

### **Ferðasjóður íþróttafélaga**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir sagði frá því að vinnuhópur um ferðasjóðinn hefði samþykkt að nota sömu forsendur og við fyrri úthlutun vegna úthlutunar 2008. Vinnuhópurinn telur nauðsynlegt að fá fram samanburð á milli ára svo betur megi sjá breytingar á umsóknum og kostnaðartölum. Þess vegna var ekki talið heppilegt að breyta forsendum að svo stöddu.

### **Skólaíþróttanefnd**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá norrænum fundi sem hún sótti á dögnum um skólaíþróttir. Hún óskaði eftir heimild stjórnarinnar til að vinna tillögur til framkvæmdastjórnar um framtíð skólaíþróttar. Samþykkt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari